

Brjef stjórnarráðsins til biskupsins um sóknaskipun í Nespingaprestakalli.

57

Samkvæmt ósk utanþjóðkirkjusafnaðarins í Fróðárhreppi og að undan- 24. mars
gengnum öðrum undirbúningi veitir stjórnarráðið hjermeð eftir tillögum hjeraðs-
fundar Snæfellsnesprófastsdæmis og með skirskotun til laga nr. 38, 2. nóvbr. 1914,
um breyting á lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess
að nefndur utanþjóðkirkjusöfnuður gangi aftur inn í þjóðkirkjuna sem sjerstakur
söfnuður í sókn, er heiti Brimilsvallasókn, og nær sókn þessi yfir svæðið milli
árinnar Fróðár og Búlandshöfða.

Tekur presturinn í Nespingum að sjer þjónustu Brimilsvallasóknar frá
fardögum 1915, án sjerstaks endurgjalds, og ber söfnuðinum að hafa komið sjer
upp kirkju og grafreit fyrir árslok 1916.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hlunnindi fyrir sparisjóð Hólahrepps.

58

20. apríl

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðs Hólahrepps,
vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunn-
indi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir
sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er
fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum
sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári
hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda
hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir for-
stöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.

59

20. apríl

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar,
herra sýslumaður, dags. 4. desbr. 1913, sem ákveður, að Rangárvallahreppur skuli
laus við að endurgreiða Reykjavíkurbæ nokkuð af fátækrastryrk, að upphæð 45
kr., sem stúlkunni Jónínu Jónsdóttur, er viðurkend er sveitlæg í tjeðum hreppi,
var veittur á tímabilinu frá 17. desbr. 1912 til 4. janúar 1913. Eftir að hafa
móttekið umsögn yðar um málið eins og það liggur fyrir eftir áfrýjunarskjölunum,
er svofeldur úrskurður lagður á það.